

Athugasemdir við drög að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

1) Sóknarnefnd Ólafsfjarðarkirkju

Framtíðarþróun kirkjugarðsins í Ólafsfirði verði sett fram í aðalskipulagi. Svæðið verði í göngufæri frá kirkjunni eins og nú er.

Tillaga að breytingu:

Texta í landnotkunarhefti verði breytt með eftirfarandi hætti:

2.13 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreitir. (gr. 6.2.k í skipulagsreglugerð).

2.13.1 MARKMIÐ

- Að viðhalda núverandi kirkjum og kirkjugörðum.

2.13.2 ALMENNT

Í Fjallabyggð eru 3 kirkjur í 2 sóknum og 4 kirkjugarðar. Siglufjarðarsókn telst til Skagafjarðarprófastsdæmis en Ólafsfjarðarsókn til Eyjafjarðarprófastsdæmis.

Kirkjurnar eru:

- Siglufjarðarkirkja, byggð 1932.
- Kvíabekkjarkirkja, byggð 1889. Var friðuð 1990.
- Ólafsfjarðarkirkja, byggð 1996.

Kirkjur og kirkjugarðar við [Saurbæjarás](#) og [Kvíabekk](#) munu uppfylla þarfir sveitarfélagsins til a.m.k næstu 20 ára. [Staðsetning nýs kirkjugarðar í Ólafsfirði verður skoðuð í náinni framtíð.](#)

2.13.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
119 K		Saurbæjarás, Siglufjörður	Kirkjugarður	
145 K		Kvíabekkjarkirkjugarður	Kirkjugarður	
211 K	0,9	Siglufjarðarkirkjugarður	Kirkjugarður	
314 K	0,7	Ólafsfjarðarkirkjugarður	Kirkjugarður	

2) Þorvaldur Hreinsson

Skeggjabrekkudalur og Garðsárdalur eru tvö aðskilin svæði ekki eitt eins og sett er fram.

Garðs- og Skeggjabrekkudalur verði skilgreindur sem Fólkvangur í samræmi við samþykkt gerða á hátíðarfundum Bæjarstjórnar Ólafsfjarðar 1995 á 50 ára afmæli Ólafsfjarðarkaupstaðar.

Tillaga að breytingu:

Texta í forsenduhefti verði breytt með eftirfarandi hætti:

(eða er ritunin almennt eins og í bréfinu? Garðs- og Skeggjabrekkudalur?)

2.3 ÓLAFSJÖRÐUR

Ólafsfjörður er syðstur og austastur þessara þriggja fjarða í Fjallabyggð. Hann er 5 km langur og skerst til suðvesturs milli Hvanndalabjargs og Ólafsfjarðarmúla. Þéttbýlið Ólafsfjörður stendur á sandrifi í fjarðarbotninum. Innan við þéttbýlið er um 14 km langur dalur með ákveðnu búsetulandslagi. Neðst í dalnum er Ólafsfjarðarvatn, 2,4 km² stöðuvatn. Inn af megin dalnum ganga a.m.k. níu minni dalir sem sumir greinast í aðra enn minni. Helstu dalir fjarðarins eru:


- Ytri-Árdalur
- Skeggjabrekkudalur/Garðsárdalur sem er vinsælt útivistarsvæði
- Kvíabekkjardalur

Vestan megin út með firðinum við Ytrárdal eru Kleifar, lítið undirlendi þar sem áður var umtalsverð byggð, landbúnaður og útgerð.


Ólafsfjarðarmúli er 960 m hátt sæbratt fjall yst í firðinum að austanverðu en um skriður þess lá bílvegur yfir í Eyjafjörð frá 1966. Jarðgöng undir Múlann voru opnuð 1991.

Örnefnum á uppdrætti verði breytt með eftirfarandi hætti:

Fyrir:



Eftir:



Samþykkt um friðlýsingu fólkvangs í Garðsdal/Skeggjabrekkudal er gömul samþykkt. Góður hugur þar að baki en e.t.v. vert að endurskoða.

Valkostir:

- A. Fólkvangur
- B. Hverfisvernd
- C. Opið svæði með sérákvæðum um útivist
- D. Hverfisverndað opið svæði
- E. Óbreytt - landbúnaðarland

A) Fólkvangur

Varðandi stofnun fólkvangs er það lengra ferli en svo að við merkjum það beint inn á uppdrátt sem landnotkunarstefnu. Það er langt ferli sem endar með **friðlýsingu**. Nýlegt dæmi til skoðunar er friðlýsing Glerárdals á Akureyri.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, 8. kafla, eru taldir upp flokkar friðlýstra svæða:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Náttúruvætti
- Friðlönd
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Náttúruminjar í hafi
- Fólkvangur

Í 52. gr. um fólkvanga segir:

Að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög.

Friðlýsingu fylgja ákveðnar takmarkanir varðandi framkvæmdir sérstaklega þar sem Umhverfisstofnun telur markmið með friðlýsingu fólkvangs vera náttúruvernd þrátt fyrir skýran lagatexta. T.a.m. þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar raski, s.s. gerð göngustíga eða lagfæringar á vegslóðum. Þar má heldur ekki planta neinum framandi gróðri.

Ath. fylgja einhverjir peningar frá ríkinu?

Til samanburðar þá eru friðlýstir fólkvangar á landinu þessir:

Norðurland eystra

- Böttisstaðafjall (skíðasvæði, útivistarsvæði, skógrækt sem núna er takmörkuð skv. kröfu UST)
- Fólkvangur í Glerárdal (útivist)
- Hraun í Öxnadal (náttúrufer, landslag, útivist)
- Krossanesborgir (náttúrufer, útivist)

Norðurland vestra

- Hrótey í Blöndu
- Spákonufellshöfði

Vesturland

- Einkunnir í Borgarfirði

Suðvesturland

- Ástjörn og Ásfjall, Hafnarfirði
- Bláfjallafólkvangur
- Bringur, Mosfellsdal
- Fjaran við Kasthúsatjörn
- Garðahraun, Garðabæ
- Hleinar, Hafnarfirði
- Hlið, Álftanesi
- Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði
- Rauðhólar, Reykjavík
- Reykjanesfólkvangur
- Stekkjarhraun, Hafnarfirði

Austurland

- Fólkvangur Neskaupstaðar

B) Hverfisvernd

Annar valkostur er að setja ákvæði um hverfisvernd. Í skilmálum þarf að koma fram ástæða hverfisverndar og í hverju verndin felst. Friðunar og nýtingarákvæði eru í höndum sveitarfélagsins.

Skilgreining hverfisverndar í skipulagslögum nr. 123/2010:

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.

og í gr. 6.3. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

i. Hverfisvernd (HV).

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

C) Opið svæði

Breyta landnotkun úr landbúnaðarlandi í opið svæði. Þá er hægt að setja sérákvæði um reitinn. Opin svæði snúa að mestu leyti að útivist og aðstöðu því tilheyrandi.

I. Opin svæði (OP).

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

D) Hverfisverndað opið svæði

Hægt er að skilgreina svæðið sem opið svæði með hverfisvernd sem gefur svæðinu aukið verndargildi sem snýr að náttúru.

E) Óbreytt – landbúnaðarland

Allur dalurinn með hliðardölum er nú skilgreint sem landbúnaðarland upp í 200 m hæð. Útivist byggir á almennarétti.


3) Þorsteinn Björnsson

Göngustígur við Ólafsfjarðarvatn kostnaðarsöm framkvæmd sem mun krefjast mikils viðhalds.

Þegar byggðir bústaðir við vatnið ekki merktir.

Til umræðu


Umræddir göngustígar eru á gildandi aðalskipulagi. Þið metið hvort stefna eigi að gerð þeirra á skipulagstímanum eða hvort að það sé óraunhæf framkvæmd. Krækja þarf hjá votlendi á nokkrum stöðum.




Lagfært:

Bleikur litur frístundabyggðar hafði lent undir landbúnaðarlandi.

Fyrir:



Eftir:



4) Efnisnáma í Skarðsdal

Námu bætt við aðalskipulagsgögn.

Landnotkunarhefti:

Merking	Stærð (ha)	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
163 E	1,0	Skarðsdalur, Siglufjörður	Efnistökusvæði fyrir 28.000 m ³ til framkvæmda við nýjan veg og bílastæði í Skarðsdal.	Framkvæmdin er tilkynningarskyld til sveitarfélags sbr. lið 2.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfisskýrsla:

EFNISNÁMA 163 E Í SKARÐSDAL OG BREYTT VEGLÍNA

Þörf er á að færa veg og byggja upp nýjan skíðaskála á skíðasvæðinu í Skarðsdal sökum snjóflóðahættu. Efni úr námunni verður notað í fyllingu í veg- og bílastæði.

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþættina *heilsu og öryggi og hagræna og félagslega bætti*. Áhrif á *landslag og vistkerfi* eru óveruleg sökum smæðar. Vanda skal til verka við frágang námu að vinnslutíma loknum í samræmi við lög um landgræðslu nr. 155/2018.

